

Björn Rúnriksson, með eitt verk sinna. Tímamynd: GE.

Ljósmyndasýning á Kjarvalsstöðum 1.—17. maí

## Hefur áður sýnt í New York og víðar

HV — Þann fyrsta maí opnar Björn Rúnriksson, ljósmyndari sýningu á myndum sínum að Kjarvalsstöðum. Björn sýnir þar rúmlega sextu ljósmyndir, flestar af íslenskri náttúru, íslensku landslagi, þar af margar teknar úr lofti.

Björn hefur tekið ljósmyndir frá því á unglingsárunum. Undanfarnir ár hefur hann hlotið margar viðurkenningar fyrir myndir sínar. Hann hefur sýnt verk sín í Nikon Center í New York, þar sem myndir hans vöktu mikla athygli, svo og í Newark myndlistarsafninu í New Jersey,

en sú sýning hlaut meðal annars mjög góða dóma í sunnudagsblaði New York Times. Í skrifum sínum þar sagði gagnrýnandinn meðal annars: Björn Rúnriksson... er sérfræðingur um jarðfræði Íslands. Sú þekking hlýtur að hafa aðstæðum hann við að finna þær sérstæðustu og fallegustu landslagsmyndir, sem ég hef séð."

Ljósmyndir Björns hafa enn fremur birst nokkuð víða, meðal annars í Iceland Review, New York Times og tímaritinu GEO.

Sýning Björns að Kjarvalsstöðum mun standa dagana 1. til 17. maí.

Samið við banka og sparisjóði um skuldbreytingalánin:

# Allt að 100 þúsund til átta ára

HV — Þeir sem byggt hafa eða keypt íbúð til eigin afnota og hafa fengið lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins á undanförunum þrem árum, eða verið lánshæfir á þeim árum, geta nú breytt skammtímalánum og lausaskuldum sínum í föst lán hjá bönkum og sparisjóðum. Hámark verða þó eitt hundrad þúsund krónur (tíu milljónir gamalla króna) og lánstíminn verður átta ár, með lánsjaravísitölubindingu og tvö og hálf prósent vöxtum.

Í fréttatilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu í gær segir að með hlíðsjón af ákvæðum efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar

frá 31. desember síðastliðnum, um breytingu á skammtímalánum og lausaskuldum í föst lán til lengri tíma vegna íbúðabygginga, hafi nú verið gert samkomulag við banka og sparisjóði. Samkvæmt því munu þeir sem falla undir skilgreininguna í upphafi fréttarinnar eiga kost á að breyta skuldum sínum við banka og sparisjóði í föst lán til lengri tíma.


Skilyrði fyrir lánveitingum og lánakjör verði sem hér segir:

1. Að umsækjandi hafi byggt eða keypt íbúð til eigin afnota.
2. Að umsækjandi hafi fengið lán hjá banka eða sparisjóði til skemri tíma en fjögurra ára og

skuldir 31. desember síðast liðinn 20.000 nýkrónur eða meira, sem greiðast eiga á næstu þrem árum eða skemri tíma. Undanskilin skulu skammtímalán veitt vegna væntanlegra húsnæðislána eða lífeyrissjóðslána.

3. Lánin verða veitt gegn veði í fasteign og má veðsetningin ekki nema herra hlutfalli af brunabótamati en 65%.

4. Lánstími verður allt að 8 ár og lánið bundið lánsjaravísitölu, með 2 1/2% vöxtum. Hámark lána verði 100.000 nýkrónur. Gjald dagar afborgana, vaxta og verðbóta verða fjórum sinnum á ári.



Nokkrar þeirra mynda, sem FÍM hefur gefið til Sogns.

## 50 myndverk á uppboði tilstyrktar Sogni

Styrktarfélag Sogns, gengst fyrir myndverkauppboði að Hótel Sögu, Súlnasal, þriðjudaginn 5. maí n.k., kl. 20.30.

Boðin verða upp 50 myndverk, sem félagið hefur fengið frá meðlimum í Félagi íslenskra myndlistarmanna.

Myndirnar verða til sýnis í Bláa sal sunnudaginn 3. maí kl. 14—17 og einnig í Súlnasal uppboðsdaginn 5. maí kl. 14.00—19.00 og gefst fólki kostur á að gera boð í myndverkin á þeim tíma.

Uppboðshaldari verður Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur.

Allur ágóði rennur til meðferðarheimilis SAA að Sogni Ólfusi.

Styrktarfélag Sogns var stofnað 1. nóvember 1980 af 130 áhugamönnum um meðferðarmál. Tilgangur félagsins er að efla starf og uppbyggingu endurhæfingarheimilis SAA að Sogni, Ólfusi.

Heimilið er sjálfseignarstofnun á vegum SAA og verður 3 ára nú í sumar.

Á þessum tíma hafa rúmlega 1100 manns notið meðferðar að Sogni.

Nú er brýn þörf á endurbótum á staðnum og væntir félagið sér mikils af uppboðinu og hvetur fólk til að koma á uppboðið í Súlnasal Hótel Sögu, þriðjudaginn 5. maí kl. 20.30.

# 1. MAÍ

sýnir verkalýðshreyfingin samtakamátt sinn og sigurvilja með því að fylkja einhuga liði í kröfugöngu verkalýðsfélaganna og á útifund þeirra.

Höfnum sundrungu, treystum raðirnar og búumst til baráttu fyrir mannsæmandi lífskjörum.

Berum kröfur samtaka okkar fram til sigurs.

